

Reykjavík, 2. mars 2021

Bið eftir völdum skurðaðgerðum

Embætti landlæknis kallar reglulega eftir gögnum varðandi bið eftir völdum skurðaðgerðum en embættinu ber [lögum samkvæmt](#) að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu.

Biðlistar eru þekktir víða í heilbrigðiskerfinu og tengjast framboði og eftirspurn. Bið getur verið ásættanleg og nauðsynleg í ákveðinn tíma, enda þarf að skipuleggja starfsemi heilbrigðisstofnana fram í tímann og forgangsraða þannig að þeir sem eru í brýnustu þörfinni fái þjónustu strax, t.d. vegna bráðatilfella og lífshættulegra sjúkdóma. Einnig þurfa sjúklingar oft að gera ýmsar ráðstafanir áður en þeir gangast undir skurðaðgerð, meðal annars varðandi fjölskyldu og vinnu. Embætti landlæknis hefur sett fram [viðmiðunarmörk](#) um hvað getur talist ásættanleg bið eftir heilbrigðisþjónustu:

- Samband við heilsugæslustöð samdægurs.
- Viðtal við heilsugæslulækni innan 5 daga.
- Skoðun hjá sérfræðingi innan 30 daga.
- Aðgerð/meðferð hjá sérfræðingi innan 90 daga frá greiningu. Miðað er við að 80% einstaklinga komist í aðgerð innan þess tíma.

Í öllum tilvikum er átt við þann tíma sem líður frá því að sjúklingur hefur samband við veitendur heilbrigðisþjónustu út af einkennum eða frá því að þörf fyrir viðkomandi þjónustu er greind. Þessi tímamörk eiga *ekki* við þegar um bráðþjónustu er að ræða eða greiningu og meðferð illkynja sjúkdóma.

Árið 2020 var, eins og öllum er kunnugt, óvenjulegt vegna heimsfaraldurs af völdum SARS-CoV-2 veirunnar sem veldur COVID-19 sjúkdómnum. Eins og fram kom í [Talnabrunni](#) embættis landlæknis hafði faraldurinn talsverð áhrif á heilbrigðisþjónustu líkt og aðra starfsemi í landinu. Heilbrigðisráðherra staðfesti tvisvar sinnum á árinu tilmæli landlæknis um að tímabundið skyldi fresta valkvæðum og öðrum ífarandi aðgerðum, fyrst á tímabilinu 23. mars – 3. maí og svo aftur 27. október – 11. nóvember. Var þetta gert til þess að bregðast við auknu álagi á sjúkrastofnunum vegna fjölda SARS-CoV-2 smita í landinu.

Í þessari greinargerð eru upplýsingar um stöðu á biðlistum í upphafi árs 2021, almennt og eftir forgangs röðun, samantekt á helstu niðurstöðum í völdum aðgerðaflokkum og yfirlit sjúkráðstengdra frestana. Í viðauka greinargerðarinnar eru myndir sem sýna þróun biðlista og framkvæmdra aðgerða í völdum aðgerðaflokkum.

Tölulegar upplýsingar um bið í öllum aðgerðaflokkunum og fjölda aðgerða undanfarin ár eru í [tölum](#) á vef embættisins.

Staða á biðlistum í upphafi árs 2021

Mynd 1 sýnir yfirlit aðgerðaflokka sem upplýsinga var aflað um í síðustu innköllun embættisins í upphafi árs 2021. Athugað var hvort hlutfall þeirra sem hefðu verið á biðlista lengur en í 3 mánuði væri 20% eða meira, en viðmið um ásætlanlegan biðtíma miða við að 80% hafi komist í aðgerð innan 3 mánaða. Þetta hlutfall fæst með því að deila fjölda sem hefur beðið lengur en í 3 mánuði með heildarfjölda á biðlista. Rauð merking táknar að bið virðist utan viðmiðunarmarka en græn merking gefur til kynna að bið sé innan viðmiðunarmarka. Þessi nálgun segir ekki til um hvenær fólk kemst í aðgerð og ekki er gerður greinarmunur á hvaða aðgerðir þola bið og hverjar ekki. Eingöngu er átt við biðtíma frá því að einstaklingur var skráður á biðlista eftir aðgerð.


●	Skurðaðgerð á augasteini
●	Hjarta- og eða kransæðamyndataka
●	Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna
●	Brotnám legs
●	Liðskiptaaðgerð á mjöðm
●	Liðskiptaaðgerð á hné
●	Kransæðaaðgerð
●	Aðgerð á hjartalokum
●	Brennsluaðgerð á hjarta
●	Úrnám hluta brjósts
●	Brjóstnám
●	Aðgerð til brjóstaminnkunar
●	Endurgerð brjósts (brjóstaupbygging)
●	Aðgerð vegna vélindabakflæðis eða þindarslits
●	Skurðaðgerð á maga vegna offitu
●	Gallsteinaaðgerð
●	Aðgerð á blöðruhálskirtli
●	Brotnám hvekkis um þvagrás (TURP)

Mynd 1. Aðgerðaflokkar í biðlistainnköllum.

Ljóst er að bið eftir mörgum aðgerðum er lengri en viðmiðunarmörk embættis landlæknis kveða á um. Í einungis fjórum af þeim 18 aðgerðaflokkum sem innköllunin nær til er biðin innan viðmiðunarmarka. Samantekt á niðurstöðum í völdum aðgerðaflokkum er síðar í greinargerðinni og myndrænar upplýsingar um hvern þeirra í viðauka.

Forgangsröðun á biðlista

Landspítali sendi embættinu upplýsingar um fjölda á biðlista, eftir forgangsröðun. Sjúklingar eru metnir í þörf fyrir aðgerð samkvæmt eftirfarandi viðmiðum: innan viku, innan fjögurra vikna og innan 90 daga. Sérfræðilæknar sjá um að meta þörf fyrir aðgerð og raða sjúklingum í forgangshópa. Mynd 2 sýnir hlutfall (súlur) og fjölda (tölustafir) þeirra sem beðið höfðu lengur en sem nemur forgangsröðun eftir forgangsflokkum. Miðað er við stöðu á biðlista í upphafi árs 2021.



Mynd 2. Hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en sem nemur forgangsröðun á biðlista.

Allir nema einn sem metnir voru í þörf fyrir brennsluaðgerð á hjarta innan viku höfðu beðið lengur en sem því nemur. Eins höfðu allir nema einn sem metnir voru í þörf fyrir hjarta og/eða kransæðamyndatöku innan viku beðið lengur en svo. Í öðrum aðgerðaflokkum höfðu engir sem metnir voru í þörf fyrir aðgerð innan viku beðið lengur en sem því nemur.

Í 14 af 18 aðgerðaflokkum höfðu helmingur eða fleiri sem metnir voru í þörf fyrir aðgerð innan 4 vikna beðið lengur en svo. Fjöldi í þessum forgangshópi er þó lítill fyrir suma aðgerðaflokka, sem veldur miklum sveiflum á hlutfalli. Þegar litið er til þeirra sem metnir voru í þörf fyrir aðgerð innan 90 daga sést að í 13 af 18 aðgerðaflokkum hafði helmingur eða fleiri beðið lengur en sem því nemur.

Samatekt á niðurstöðum í völdum aðgerðaflokkum

Hér að neðan er samantekt á helstu niðurstöðum um bið og fjölda aðgerða í völdum aðgerðaflokkum. Í mörgum aðgerðaflokkum eru tölur ekki bornar saman við sambærilegt tímabil fyrir ári síðan, eins og venja er, þar sem ekki bást gögn frá öllum aðgerðastöðum í fyrstu innköllun ársins í fyrra. Myndræn framsetning á þróun yfir tíma er í viðauka aftast í greinargerðinni. Þar eru upplýsingar sundurliðaðar eftir aðgerðastöðum og eru lesendur hvattir til þess að túlka niðurstöður með gát fyrir þær innkallanir þar sem ljóst er að gögn vantar frá sumum aðgerðastöðum.

Skurðaðgerð á augasteini

- Alls var beðið eftir 1.758 aðgerðum í upphafi árs 2021.
- Hlutfall þeirra sem beðið höfðu lengur en 90 daga eftir aðgerð var 52%.
- Fjöldi aðgerða á árinu 2020 var 3.270.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2020 var 23 vikur á Landspítala, en árið 2019 var miðgildið 12 vikur.

Skurðaðgerð á maga vegna offitu

- Alls voru 334 á biðlista í upphafi árs 2021.
- 51% höfðu beðið lengur en 90 daga.
- Fjöldi aðgerða á árinu 2020 var 575 og voru um 90% þeirra framkvæmdar á Klíníkinni, Ármúla.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2020 var 49 vikur Landspítala en 7 vikur á Klíníkinni, Ármúla.

Liðskipti á mjöðm

- Alls var beðið eftir 517 aðgerðum í upphafi árs 2021.
- 64% höfðu beðið lengur en 90 daga.
- Fjöldi aðgerða á árinu 2020 var 743.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2020 var 29 vikur á Landspítala, 20 vikur á Sjúkrahúsinu á Akureyri, 26 vikur á Heilbrigðisstofnun Vesturlands og 3 vikur á Klíníkinni, Ármúla.
- Almennur biðtími eftir viðtalstíma hjá bæklunarlækni á Landspítala vegna hugsanlegrar liðskiptaaðgerðar er 4-6 mánuðir. Þessi biðtími leggst við þann tíma sem sjúklingur bíður eftir að hann hefur verið skráður á biðlista.

Liðskipti á hné

- Alls var beðið eftir 999 aðgerðum í upphafi árs 2021.
- 72% höfðu beðið lengur en 90 daga.
- Fjöldi aðgerða á árinu 2020 var 760.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2020 var 43 vikur á Landspítala, 24 vikur á Sjúkrahúsinu á Akureyri, 32 vikur á Heilbrigðisstofnun Vesturlands og 3 vikur á Klíníkinni, Ármúla.
- Almennur biðtími eftir viðtalstíma hjá bæklunarlækni á Landspítala vegna hugsanlegrar liðskiptaaðgerðar er 4-6 mánuðir.

Brennsluaðgerð á hjarta

- Alls voru 289 á biðlista í upphafi árs 2021.
- 80% höfðu beðið lengur en 90 daga.
- Fjöldi aðgerða á árinu 2020 var 304.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2020 var 38 vikur, en árið 2019 var miðgildið 51 vika.

Hjarta- og/eða kransæðamyndataka

- Alls var 41 á biðlista í upphafi árs 2021.
- 24% höfðu beðið lengur en 90 daga.
- Fjöldi aðgerða á árinu 2020 var 1.433.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2020 var 5 vikur, en árið 2019 var miðgildið 6 vikur.

Brottnám legs

- Alls voru 150 á biðlista í upphafi árs 2021.
- 56% höfðu beðið lengur en 90 daga.
- Fjöldi aðgerða á árinu 2020 var 299.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2020 var 7 vikur á Landspítala, 13 vikur á Sjúkrahúsinu á Akureyri og 12 vikur á Heilbrigðisstofnun Vesturlands.
- Almennur biðtími eftir viðtalstíma á Landspítala til þess að meta þörf á legnámi er 7 mánuðir.

Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna

- Alls voru 156 á biðlista í upphafi árs 2021.
- 54% höfðu beðið lengur en 90 daga.
- Fjöldi aðgerða á árinu 2020 var 291.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2020 var 12 vikur á Landspítala, 17 vikur á Sjúkrahúsinu á Akureyri og 12 vikur á Heilbrigðisstofnun Vesturlands.
- Almennur biðtími eftir viðtalstíma á Landspítala til að meta þörf á þvaglekaaðgerð er 1 mánuður en 7 mánuðir fyrir sígaðgerð.

Skýringar á aukinni bið eftir augasteinsa- og liðskiptaaðgerðum


Embættinu bárust skýringar Landspítala á aukinni bið eftir augasteinsaðgerðum sem og liðskiptaaðgerðum. Samkvæmt þessum skýringum voru færri augasteinsaðgerðir áætlaðar árið 2020, eða 1.300, miðað við rúmlega 2.000 árið á undan. Tilfærsla á fjármagni til aukins fjölda brennsluaðgerða vegna gáttatífs var nefnt sem skýring á þessu. Með leyfi heilbrigðisráðuneytis var aðgerðum fjölgað upp úr miðju ári 2020. Unnt var að framkvæma hátt í 1.600 augasteinsaðgerðir í heildina þrátt fyrir faraldur COVID-19 og undirbúning fyrir flutning augndeildar í nýtt húsnæði. Einnig kom fram að hluti af skýringu á auknum fjölda á biðlista á Landspítala væri að færri aðgerðir vegna skýs á augasteini hefðu verið boðnar út til einkaaðila á árunum 2019 og 2020 en árin þar áður og því fleiri en ella verið skráðir á biðlista á Landspítala.

Varðandi bið eftir liðskiptaaðgerðum þá bárust embættinu eftirfarandi upplýsingar. Biðlistar lengdust er valkvæðum aðgerðum var frestað vegna aukins álags á sjúkrahúsið í tengslum við fjölda SARS-CoV-2 smita í landinu. Í hléum sem mynduðust þegar SARS-CoV-2 smit voru fá var þess freistað að vinna upp eins mikið og hægt var með átakshelgum og með því að nýta svigrúm sem myndaðist tímabundið á legudeildum. Er valkvæðum aðgerðum var frestað var aðgengi að göngudeildum aukið í staðinn, til þess að vinna upp flöskuháls sem þar hafði myndast, og leiddi það til aukins fjölda sjúklinga á biðlista eftir aðgerð. Samkvæmt spítalanum hefur sjúklingum fjölgað sem koma „til vonar og vara“. Þeir sjúklingar eru ekki komnir á þann stað að þeir þurfi aðgerð strax, en reikna með að verða komnir þangað eftir 1-2 ár. Margar tilvísanir berast vegna þess að sjúklingar hafa ekki verið upplýstir um aðra meðferðarmöguleika en aðgerð og margir líta á aðgerð sem það eina mögulega í stöðunni. Einnig kom fram að lauslega áætlað mætti búast við að um 25% sjúklinga sem komi til skoðunar á göngudeild með tilvísun fari ekki á biðlista.

Sjúkrahústengdar frestanir

Sjúkrahústengdar frestanir á aðgerðum eru vísbending um álag á sjúkrahúsum þar sem þær geta meðal annars stafað af skorti á legurýmum og/eða starfsfólki. Eins og reifað er í inngangi greinargerðarinnar hafði heimsfaraldur SARS-CoV-2 einnig talsverð áhrif á starfsemi heilbrigðisstofnana á árinu 2020.

Landspítali og Heilbrigðisstofnun Vesturlands sendu upplýsingar um frestanir á aðgerðum í þeim aðgerðaflokkum sem innköllunin nær til. Alls var 317 aðgerðum frestað á Landspítala frá upphafi til loka árs 2020. Er það aukning um 100 aðgerðir samanborið við árið 2019 en þá var 200 aðgerðum frestað. Á sama tímabili var 47 aðgerðum frestað á Heilbrigðisstofnun Vesturlands samanborið við 10 á árinu 2019. Mynd 3 sýnir fjölda frestaðra aðgerða eftir aðgerðaflokkum á árunum 2019 og 2020.



Mynd 3. Fjöldi sjúkrahústengdra frestana á Landspítala og Heilbrigðisstofnun Vesturlands árin 2019 og 2020.

Myndin sýnir að munur er á aðgerðaflokkum eftir því hversu mörgum aðgerðum hefur verið frestað. Engum skurðaðgerðum á augasteinum eða aðgerðum til fjarlægingar gallsteina í holspeglun eða steinmolun var frestað á síðustu tveimur árum. Flestar frestanir á árinu 2020 voru í flokki liðskipta-aðgerða, samtals 132 aðgerðir.

Mat embættis landlæknis

Ekki er að fullu ljóst hvaða áhrif heimsfaraldur COVID-19 mun hafa á bið eftir völdum skurðaðgerðum til lengri tíma litið en ljóst er að áhrifin eru talsverð nú þegar.

Biðtími eftir flestum aðgerðum hefur lengst, ef borinn er saman biðtími þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2019 við árið 2020 eins og sjá má í viðauka. Aðgerðum í flestum aðgerðaflokkum sem til skoðunar voru, m.a. í biðlistaátaki, hefur fækkað. Svo virðist þó sem þær skurðaðgerðir sem metnar voru í brýnustum forgangi, innan viku og innan fjögurra vikna, hafi verið gerðar innan þess tíma að mestu leyti.

Koma á göngudeild sjúkrahúss, þar sem mat fer fram á þörf fyrir skurðaðgerð, er í mörgum tilfellum forsenda þess að einstaklingur komist á biðlista eftir aðgerð. Eins og fram kemur í [Talnabrunni](#) dró í heildina töluvert úr fjölda koma á göngudeildir sjúkrahúsanna vegna heimsfaraldurs COVID-19. Fjöldi á biðlista getur því verið minni en ella og heildarbiðtími eftir aðgerð lengri.

Auk áhrifa af heimsfaraldri getur skortur á starfsfólki og legurýmum haft áhrif á fjölda aðgerða og frestana. Í janúar 2020 voru samkvæmt starfsemistölum Landspítalans 10% rúma á spítalanum nýtt af einstaklingum sem voru með gilt færni- og heilsumat og biðu úrræðis utan sjúkrahússins. Hlutfallið var 16% ef þeir sem biðu endurhæfingar á Landakoti voru taldir með. Um það leyti sem fyrstu tilfelli COVID-19 greindust á Íslandi voru opnuð [ný hjúkrunarrými](#) við Sléttuveg í Reykjavík. Höfðu einstaklingar sem biðu á [Landspítala](#) forgang. Við það lækkaði fyrrgreint hlutfall og í byrjun maí voru einungis 4% opinna rúma á spítalanum nýtt af einstaklingum sem voru á biðlista eftir úrræði utan sjúkrahússins. Á sama tíma má sjá að einstaklingum á biðlista eftir hjúkrunarrými (á landsvísu) fækkaði. Síðan þá hefur aftur fjölgað á biðlistanum, [1. janúar 2021](#) voru 453 einstaklingar á biðlista eftir hjúkrunarrými en 1. janúar 2020 voru þeir 404. Í [janúar 2021](#) voru 8% af rúmum á Landspítala notuð af þeim sem biðu hjúkrunarrýmis, 16% rúma ef fólk sem beið endurhæfingar á Landakoti var talið með. Hlutfallið er þannig nánast óbreytt frá því fyrir ári síðan.

Brýnt er að þau rúm sem opin eru á sjúkrahúsinu séu nýtt fyrir einstaklinga sem þurfa á sérhæfðri heilbrigðisþjónustu á hátækisjúkrahúsi að halda. Að sama skapi er mikilvægt að einstaklingar sem eru í þörf fyrir varanlegt úrræði fái það sem fyrst.

Að mati embættis landlæknis er mikilvægt að fylgjast áfram með þróun mála og leggja þarf áherslu á að starfsemin haldist í fullri virkni eins og hægt er svo biðlistar og biðtími lengist ekki enn frekar.

Hildigunnur Anna Hall, verkefnisstjóri á heilbrigðisupplýsingasviði

Hrefna Pengilsdóttir, yfirlæknir á sviði eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu


Laura Sch. Thorsteinsson, teymisstjóri á sviði eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu

Ólöf Elsa Björnsdóttir, verkefnisstjóri á sviði eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu


Sigríður Haraldsd. Elínardóttir, sviðsstjóri heilbrigðisupplýsingasviðs

Viðauki Þróun biðlista í völdum aðgerðaflokkum


Skurðaðgerð á augasteini




Mynd 4. Skurðaðgerð á augasteini: Fjöldi á biðlista.



Mynd 5. Skurðaðgerð á augasteini: Hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en 3 mánuði eftir aðgerð.




Mynd 6. Skurðaðgerð á augasteini: Staða á biðlistum í janúar 2021.¹




Mynd 7. Skurðaðgerð á augasteini: Miðgildi raunbiðtíma á Landspítala.

¹ Miklar breytingar hafa orðið á fjölda þeirra sem biðu lengur en 3 mánuði eftir aðgerð á augasteini á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Í innköllun embættisins í september 2020 voru öll þau sem skráð voru á biðlista skráð þannig að þau hefðu beðið lengur en 3 mánuði. Þessu var ófugt farið í nýjustu innkölluninni (janúar 2021) en þá hafði enginn beðið lengur en 3 mánuði samkvæmt innsendum gögnum. Í skýringum sjúkrahússins kom fram að skráningum á biðlista hefði tímabundið verið ábótavant.




Mynd 8. Skurðaðgerð á augasteini: Fjöldi aðgerða.


Skurðaðgerð á maga vegna offitu




Mynd 9. Skurðaðgerð á maga: Fjöldi á biðlista.




Mynd 10. Skurðaðgerð á maga: Hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en 3 mánuði.



Mynd 11. Skurðaðgerð á maga: Staða á biðlistum í janúar 2021.




Mynd 12. Skurðaðgerðir á maga: Miðgildi raunbiðtíma.




Mynd 13. Skurðaðgerðir á maga: Fjöldi aðgerða.


Liðskipti á mjöðm




Mynd 14. Liðskipti á mjöðm: Fjöldi á biðlista.




Mynd 15. Liðskipti á mjöðm: Hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en 3 mánuði.



Mynd 16. Liðskipti á mjöðm: Staða á biðlistum í janúar 2021.




Mynd 17. Liðskipti á mjöðm: Miðgildi raunbiðtíma.




Mynd 18. Liðskipti á mjöðm: Fjöldi aðgerða.


Liðskipti á hné




Mynd 19. Liðskipti á hné: Fjöldi á biðlista.




Mynd 20. Liðskipti á hné: Hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en 3 mánuði.



Mynd 21. Liðskipti á hné: Staða á biðlistum í janúar 2021.




Mynd 22. Liðskipti á hné: Miðgildi raunbiðtíma.




Mynd 23. Liðskipti á hné: Fjöldi aðgerða.


Brennsluaðgerð á hjarta




Mynd 24. Brennsluaðgerð á hjarta: Fjöldi á biðlista og fjöldi aðgerða.



Mynd 25. Brennsluaðgerð á hjarta: Hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en 3 mánuði.




Mynd 26. Brennsluaðgerð á hjarta: Staða á biðlista í janúar 2021.




Mynd 27. Brennsluaðgerð á hjarta: Miðgildi raunbiðtíma.


Brottnám legs




Mynd 28. Brottnám legs: Fjöldi á biðlista.




Mynd 29. Brottnám legs: Hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en 3 mánuði.



Mynd 30. Brottnám legs: Staða á biðlistum í janúar 2021.




Mynd 31. Brottnám legs: Miðgildi raunbiðtíma.




Mynd 32. Brottnám legs: Fjöldi aðgerða


Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna




Mynd 33. Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna: Fjöldi á biðlista.




Mynd 34. Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna: Hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en 3 mánuði.



Mynd 35. Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna: Staða á biðlistum í janúar 2021




Mynd 36. Valdar aðgerðir á grindaholsliffærum kvenna: Miðgildi raunbiðtíma.




Mynd 37. Valdar aðgerðir á grindarholsliffærum kvenna: Fjöldi aðgerða.


Hjarta- og/eða kransæðamyndataka




Mynd 38. Hjarta- og/eða kransæðamyndataka: Fjöldi á biðlista.




Mynd 39. Hjarta- og/eða kransæðamyndataka: Hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en 3 mánuði.



Mynd 40. Hjarta- og/eða kransæðamyndataka: Staða á biðlista í janúar 2021.



Mynd 41. Hjarta- og/eða kransæðamyndataka: Miðgildi raunbiðtíma.



Mynd 42. Hjarta- og/eða kransæðamyndataka: Fjöldi aðgerða.

